



Fundargerð

184. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 25. feb 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2014, ásamt endurskoðunarskýrslu
2. Innkomin erindi
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Ársreikningur 2014, ásamt endurskoðunarskýrslu

Framlögð gögn: Ársreikningur 2014 ásamt drögum að endurskoðunarskýrslu.

Undir þessum lið sat Magnús Jónsson frá KPMG sem fór yfir og skýrði Endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2014.

Umræða, fyrirspurnir sem var svarað af endurskoðanda og framkvæmdastjóra.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings eru:

Hagnaður ársins nam	85,5 millj. kr.
Heildareign í árslok 2014	1.906,5 millj. kr.
Eigið fé í árslok 2014	467,9 millj. kr.
Eiginfjárlutfall	24,6 %
Veltufé frá rekstri	156 millj. kr.

Vaxtaberandi skuldir eru 1.020,6 millj. kr. með næsta árs afborgunum.

Leiguskuldir vegna hreinsivirkja fráveitu eru 271,1 millj. kr. með næsta árs afborgunum.



Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársreikningurinn síðan staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra með undirritun.

2. Innkomin erindi

Framlögð gögn á fundinum: Tölvupóstur frá Samorku vegna námskeið í samsetningum röra.

- a) Lögð fram drög til kynningar að samningi um afnot af gagnarörum og ljósleiðurum í eigu HEF ehf.
- b) Námskeið í samsetningu röra á vegum Samorku verður haldið eftir páska hér í Fellabæ.
- c) HAUST dags 13.2.2015 Vardar endurskoðun á starfsleyfi og breytingu á vatnsverndarsvæði við Urriðavatn og fallist er á erindi HEF ehf.
- d) HAUST dags 13.2.2015 Vardar afnám vatnsverndarsvæðis á Egilsstaðanesi og niðurfellingu starfsleyfis vatnveitu Egilsstaða frá september 2008.

Fallist er á erindi HEF ehf. með skilyrðum um snyrtimennsku við Köldukvísl og að vatnsvernd á eyrum Þuríðarstaða fái forgang. Þá er gerð krafa um að vatnsverndarsvæðið við Köldukvísl verði merkt með skiltum við þjóðveginn þar sem ekið er um verndarsvæði veitunnar.

- e) HAUST dags 13.2.2015 útgefið endurskoðað starfsleyfi fyrir vatnsveitu HEF við Urriðavatn vegna breytinga sem samþykkt hefur verið að gera á skilgreiningu vatnsverndarsvæðis. Meðfylgjandi er endurskoðað starfsleyfi sem gildir til 13.2.2027.
- f) Lagðar fram umsagnir Samorku og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála með síðari breytingu (gjaldtaka vegna svokallaðrar vatnsþjónustu), 511.mál.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Ekki bókað undir þessum lið.



4. Önnur mál

- a) Aðalfundur HEF ehf. verður haldinn fimmtudaginn 5. mars kl. 17:00 og stjórnarfundur kl. 16:00 á undan aðalfundinum.
- b) Framkvæmdastjóri sagði frá aðalfundi Samorku.
- c) Fundadagatal stjórnar 2015 - ákveðið að vinna eftir framlagðri tillögu.
- d) Karl spurði um afgreiðslu á síðasta fundi varðandi samningaviðræður við landeigendur vegna stofnlagnar yfir Egilsstaðanes. Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið.
- e) Formaður sagði frá því að verið er farið að nota hitaveituvatn við ostagerð hjá MS á Egilsstöðum.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson